

S K Ý R S L A

Lyftingasambands Íslands

27/1 - 30/9 1973

Skýrsla

Lyftingasambands Íslands.

Stofnþing Lyftingasambandsins var haldið í Reykjavík

27. janúar 1973.

Í stjórn voru kosnir:

Formaður Björn R. Lárusson, Reykjavík.

Varaformaður Agnar Gústafsson, Kópavogi.

Gjaldkeri Kristmundur Baldursson, Keflavík.

Bréfitari Finnur Karlsson, Reykjavík.

Fundarritari Sigtryggur Sigurðsson, Reykjavík.

Til vara:

Óskar Sigurpálsson, Reykjavík.

Bogi Sigurðsson, Reykjavík.

Róbert Maisland, Þjótanda, Árnessýslu.

Stjórnin hélt 19 bókaða fundi á starfstímabilinu.

Lyftingadómstóll LSÍ.

Í lyftingadómstól eiga sæti:

Ari Stefánsson.

Björn Ingvarsson.

Svavar Carlsen.

Varamenn eru:

Guðni Guðnason.

Guðmundur Guðjónsson.

Sveinn Sigurjónsson.

Lyftingadómstóllinn fékk ekkert mál til meðferðar.

Landsdómarar í lyftingum.

Þessir menn eru skráðir landsdómarar í lyftingum:

Ari Stefánsson, Reykjavík

Björn R. Lárusson, Reykjavík

Björn Ingvarsson, Kópavogi

Gustaf Agnarsson, Kópavogi

Guðmundur Þórarinnsson, Reykjavík

Friðrik Jósepsson, Vestmannaeyjum

Guðmundur Sigurðsson, Reykjavík

Ómar Úlfarsson, Reykjavík
Óskar Sigurpálsson, Reykjavík
Brynjar Gunnarsson, Reykjavík
Jón Magnússon, Reykjavík
Kristmundur Baldursson, Keflavík
Sigtryggur Sigurðsson, Reykjavík
Sigurður Guðmundsson, Reykjavík
Svavar Carlsen, Reykjavík
Sveinn Sigurjónsson, Reykjavík
Þorsteinn Löve, Svíþjóð

Reykjavík, 1.8. 1973.

Til Lyftingasambands Íslands.

Skýrsla prófnefndar.

Síðastliðið vor fól stjórn L.S.Í. þeim Birni R. Lárus-
syni, Kristmundi Baldurssyni og Birni Ingvarssyni að sjá
um dómaraámskeið í lyftingum. Aðdragandi þessa var fyrst
og fremst sá, að farið var að gæta nokkurs dómarskorts
af ýmsum orsökum, einnig þótti góð ástæða til að halda
dómaraámskeið nú, að nýjar reglur eru komnar fram með
umtalsverðum breytingum. Nefndin tók strax til starfa og
var hennar fyrsta verk að láta fjölrita hinar nýju reglur,
sem Guðmundur Þórarinnsson hafði nýlokið að þýða.

Námskeiðið var svo haldið dagana 7.- 8. júlí s.l.
(námskeiðið hófst kl. 14 báða dagana) og var þátttökugjald
ákveðið kr. 500,00. Góð þátttaka var í námskeiðinu, sam-
tals 15 létu skrá sig til þátttöku og tólf mættu.

Laugardaginn 7. júlí voru reglurnar lesnar og út-
skýrðar og fór fram skriflegt próf að lestri loknum, en
þessi hluti námskeiðsins fór fram í félagsheimili Ármanns
(Höfðaskóla). Næsta dag fór fram verkleg prófun að Brautar-
holti 22 og var sá háttur hafður á, að þrjú dómaraefni
dæmdu í einu lyftur nokkurra lyftingamanna, aðallega þeirra
Guðmundar Sigurðssonar og Óskars Sigurpálssonar.

Síðan vann nefndin úr úrlausnum dómaraefna og boðaði
því næst til fundar með þeim fimmtudagskvöldið 26.7. 1973
í félagsheimili K.R. til afhendingar skírteina. Á undan af-

hendingu skirteina voru lesin yfir rétt svör við spurningum í skriflega prófinu og skrifuðu menn þau hjá sér.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að allir skyldu hljóta réttindi. Og vegna dómarskorts taldi nefndin rétt, að þeir fjórir, sem bezta frammistöðu sýndu skyldu hljóta A-réttindi, en þeir eru þessir:

Friðrik Jósefsson Þór, Vestmannaeyjum
Gústaf Agnarsson, Ármanni
Sigtryggur Sigurðsson, K.R.
Svavar Carlsen, K.R.

Þeir, sem hlutu B-réttindi voru þessir:

Diðrik Haraldsson, U.M.F. Selfoss
Finnur Karlsson, Ármanni
Guðmundur Guðjónsson, K.R.
Ólafur Emilsson, Ármanni
Ólafur Sigurgeirsson, K.R.
Robert Maitland Baldri Hraungerðishreppi
Rögnvaldur Ólafsson, K.R.
Sveinn Jónsson, Lyftingafélagi Akraness

Reikningsyfirlit:

| | |
|---|------------------------|
| Tekjur: Þátttökugjöld 12x500.00 | 6.000,00 |
| Gjöld: t.d. möppur, pappír, brauð, öl, húsa- leiga o.fl. | <u>8.722,00</u> |
| Halli: | <u><u>2.722,00</u></u> |

Virðingarfyllst,

Björn R. Lárusson,

Björn Ingvarsson Kristmundur Baldursson.

Fyrsta útanlandsferðin, er farin var á vegum L.S.Í, var á Norðurlandameistaramótið, sem haldið var í Kaupmannahöfn dagana 28. og 29. apríl s.l.

Árangur af ferðinni varð mjög góður. Guðmundur Sigurðsson Á. stóð vel fyrir sínu og krækti sér í önnur verðlaun í léttþungavigt eftir harða baráttu við Svíann Dahlström. Sýndi Guðmundur mikið keppnisskap, ásamt því

að vera snjall í vigtarvali og var það nokkuð sem landsliðs-
þjálfari Svía, Borman átti erfitt með að setta sig við.

Meira að segja Finnannum Avellan fyrrv. heimsmethafa
og "öruggum" sigurvegara leizt ekki á blikuna, er hann sá
hve galvaskur Guðmundur mætti til leiks.

Að vísu voru 3 Íslendingar skráðir til keppni, en aðeins
Guðm. tókst að ljúka henni. Hinar nýju reglur um bann við
olífunotkun á lærum bitnuðu á Óskari Sigurpálssyni Á. Honum
mistókst við allar þrjár tilraunir sínar í snörun og var þar
með úr leik.

Þriðji Íslendingurinn, sem skráður var til keppni var
Guðstaf Agnarsson Á., en sökum veikinda í baki treysti hann
sér ekki til að taka þátt í keppni, er á hólminn var komið.
Guðstaf hafði dvalið í Noregi u.p.b. tvo mánuði við æfingar
og keppni, því miður tóku sig þar upp gömul eymsli í baki
hans. Samt sem áður var hann til síðasta dags ákveðinn í að
reyna að keppa, sem því miður, gat ekki orðið.

Eins og áður sagði varð ferðin árangursrík og það að
öðru leyti en silfurverðlaunum Guðmundar, því þarna dæmdu
Íslenskir dómara í fyrsta sinn á alþjóðlegu stórmóti.
Þeir Kristmundur Baldurss. og Björn R. Lárusson voru dómara
á þessu móti, en þeir ásamt Birni Ingvarssyni hafa alþjóðleg
dómaraéttindi, einir Íslendinga.

Dómar þeirra Kristmundar og Björns líkuðu vel og voru
þeim þökkúð vel unnin störf.

F. K.

Þeir Björn R. Lárusson, Kristmundur Baldursson og
Finnur Karlsson sátu þing Norðurlandasambandsins, sem fram
fór laugardaginn 28.4. Þar kom margt fram, sem of langt
mál yrði upp að telja, en þess má geta að Ísland bar fram
þá tillögu að eftirleiðis bæri hverju þátttökulandi að
sjá um allan kostnað sinna manna á NM-mótum (áður þurftu
gestgjafar að sjá um upphald gestanna). Að þeirri til-
lögu samþykktu var ákveðið að L.S.Í skuli halda og sjá um
framkvæmd Norðurlandameistaráttsins 1975.

Ekki var annað að sjá, en hinar Norðurlandapjóðirnar
gleddust yfir þátttöku Íslendinga í norrænu samstarfi, svo

vel var okkur fagnað til leiks.

E.t.v. telst það ofmetnaður að halda því fram, að þetta hafi verið bezta utanferð íslenzkra íþróttamanna á árinu, en undirritaður ætlar samt að gerast svo djarfur. Að vinna til silfurverðlauna í keppni við heimsmeistara og heimsmet-hafa er ekki á færi nema afreksmanna. Og vil ég ljúka þessu skýrslubroti á orðum þeim er heimsmethafinn og Olympiumeistarinn Leif Jensen mælti í viðtali við Aftenposten:

"--Sá lyftingamaður, sem mesta aðdáun mína vakti af þeim, er þarna kepptu var Íslendingurinn G. Sigurðsson. Hann er frábær keppnismaður. Og annað hitt, ef Íslendingar halda áfram á sömu braut, geta þeir orðið stórveldi í lyft-ingum innan fárra ára."

Svo mörg voru þau orð.

Fluguvigt:

| | | |
|------------------------------|-------------|---------|
| 1. Veikko Kontinen, Finnland | 87,5 - 105 | = 192,5 |
| 2. Björn Liwendahl, Svíþjóð | 72,5 - 92,5 | = 165 |

Dvergvigt:

| | | |
|----------------------------|------------|---------|
| 1. Bo Giliusson, Svíþjóð | 97,5 - 115 | = 212,5 |
| 2. Yrjö Haatanen, Finnland | 90 - 110 | = 200 |
| 3. Geir Arnøy, Noregur | 82,5 - 105 | = 187,5 |

Fjaðurvigt:

| | | |
|-----------------------------|--------------|-------|
| 1. J. Zaman Zadel, Finnland | 97,5 - 127,5 | = 225 |
| 2. Arne Norrback, Svíþjóð | 92,5 - 127,5 | = 220 |

Léttvigt:

| | | |
|------------------------------|-------------|---------|
| 1. Pentti Pelkonen, Finnland | 115 - 140 | = 255 |
| 2. Enno Mägi, Svíþjóð | 115 - 137,5 | = 252,5 |
| 3. Asbjörn Johansen, Noregur | 110 - 135 | = 245 |

Millivigt:

| | | |
|----------------------------|-----------|-------|
| 1. Leif Jenssen, Noregur | 145 - 170 | = 315 |
| 2. Nils-E Sollevi, Svíþjóð | 135 - 160 | = 295 |
| 3. Tore Björnsson, Noregur | 130 - 160 | = 290 |

Léttþungavigt:

| | | |
|-----------------------------|-------------|---------|
| 1. Juhani Avellan, Finnland | 150 - 182,5 | = 332,5 |
| 2. Guðm. Sigurðsson, Ísland | 135 - 172,5 | = 307,5 |
| 3. Lars Dahlström, Svíþjóð | 135 - 170 | = 305 |

Millþungavigt:

| | | |
|------------------------------|-------------|---------|
| 1. Hans Bettembourg, Svíþjóð | 150 - 190 | = 340 |
| 2. Per Marstad, Noregur | 130 - 175 | = 305 |
| 3. Preben Krebs, Danmörk | 120 - 162,5 | = 282,5 |

Dungavigt:

| | | | |
|--------------------------------|-------|---------|---------|
| 1. Bo Johansson, Svíþjóð | 165 | - 205 | = 370 |
| 2. Kanko Kangasniemi, Finnland | 160 | - 197,5 | = 357,5 |
| 3. Bent Harsmann, Danmörk | 147,5 | - 185 | = 332,5 |

Yfirþungavigt:

| | | | |
|---------------------------------|-----|-------|-------|
| 1. Ove Johansson, Svíþjóð | 145 | - 180 | = 325 |
| 2. Kalevi Lahdenranta, Finnland | 0 | - | = 0 |

Unglingameistaramót Íslands

Unglingameistaramót Íslands fór fram að Brautarholti 22.

11. febrúar.

Leikstjóri var Björn R. Lárusson, en dómarar Björn Ingvarsson, Kristmundur Baldursson og Sveinn Sigurjónsson.

Unglingameistarar voru þessir:

| | |
|------------------------------------|----------|
| Fluguvigt Sigurður Grétarsson UMFS | 110.0 kg |
| Dvergvipt Gunnar Jóhannsson K.R. | 115.0 - |
| Fjaðurvigt Jón Pálsson UMFS | 110.0 - |
| Léttvipt Rúnar Gíslason A | 207.5 - |
| Millivipt Árni Þór Helgason K.R. | 175.0 - |
| Léttþungavipt Einar Guðnason UMFS | 142,5 - |
| Dungavipt Guðstaf Agnarsson A | 240.0 - |

Meistaramót Íslands tvíþraut

Meistaramót Íslands í tvíþraut fór fram í Laugardalshöllinni 16. mars.

Leikstjórar voru Björn R. Lárusson og Guðmundur Þórarinsson, en dómarar voru Ari Stefánsson, Kristmundur Baldursson, Sveinn Sigurjónsson og Guðmundur Sigurðsson.

Helstu úrslit urðu þessi:

| | |
|---|----------|
| Fluguvigt Ísl.m. Sigurður Grétarsson UMFS | 115.0 kg |
| 2. Birgir Þ. Borgþórsson A | 85.0 - |
| 3. Hermann Haraldsson ÍBV | 70.0 - |
| Dvergvipt Ísl.m. Gunnar Jóhannsson K.R. | 140.0 - |
| 2. Kristinn Ásgeirsson UMFS | 120.0 - |
| Fjaðurvigt Ísl.m. Jón Pálsson UMFS | 117.5 - |
| 2. Gunnar Helgason UMFS | 110.0 - |
| Léttvipt Ísl.m. Skúli Óskarsson UÍA | 212,5 - |
| 2. Hörður Sveinbjörnsson UMFS | 137.5 - |
| 3. Pálmi Egilsson UMFS | 125.0 - |

| | |
|---|----------|
| Millivigt Ísl.m. Sveinn Sigurjónsson A | 195.0 kg |
| 2. Árni Þór Helgason K.R. | 187.5 - |
| Léttþungavigt Ísl.m. Björn Ingvarsson A | 202.5 - |
| 3. Einar Guðnason UMFS | 160.0 - |
| 2. Pétur Hartmansson UMFS | 175.0 - |
| Millipungavigt Ísl.m. Guðmundur Sigurðsson A | 300.0 - |
| 2. Friðrik Jósepsson Þór VE. | 262.5 - |
| Þungavigt Ísl.m. Óskar Sigurpálsson A | 315.0 - |
| 2. Svavar Carlsen K.R. | 210.0 - |
| Yfirþungavigt Ísl.m. Sigtryggur Sigurðsson K.R. | 212.5 - |
| 2. Finnur Karlsson A | 90.0 - |

Kraftlyftingameistaramót Íslands.

Kraftlyftingameistaramót Íslands fór fram í K.R. húsinu 12. maí.

Leikstjórar voru Björn R. Lárusson og Sigurður Þórarinsson, en dómarar Guðmundur Sigurðsson, Óskar Sigurpálsson og Sveinn Sigurjónsson.

Helstu úrslit voru þessi:

| | |
|---|----------|
| Fluguvigt Íslands.m. Sigurður Grétarsson UMFS | 265.0 kg |
| 2. Sævar Pálsson ÍBK | 250.0 - |
| 3. Birgir Þ. Borgþórsson A | 225.0 - |
| Dvergvgigt Íslands.m. Gunnar Jóhannsson K.R. | 355.0 - |
| 2. Kristinn Ásgeirsson UMFS | 245.0 - |
| Fluguvigt Íslands.m. Jón Pálsson UMFS | 290.0 - |
| Léttvigt Íslands.m. Skúli Óskarsson UÍA | 527.5 - |
| 2. Garðar Gestsson UMFS | 365.0 - |
| 3. Pétur Þorvaldsson UMFS | 350.0 - |
| Millivigt Íslands.m. Ólafur Emilsson A | 535.0 - |
| 2. Róbert Maisland UMFS | 415.0 - |
| Léttþungavigt Ísl.m. Guðmundur Guðjónsson K.R. | 620.0 - |
| 2. Júlíus Bess L.H. | 475.0 - |
| 3. Einar Guðnason UMFS | 322.5 - |
| Millipungavigt Ísl.m. Ólafur Sigurgeirsson K.R. | 632.5 - |
| 2. Guðmundur Ingólfsson K.R. | 455.0 - |
| 3. Kolbeinn Guðmundsson UMFS | 280.0 - |
| Þungavigt Ísl.m. Kristmundur Baldursson ÍBK | 580.0 - |
| Yfirþungavigt Ísl.m. Sigtryggur Sigurðsson K.R. | 660.0 - |

Lokaorð

Stjórn Lyftingasambandsins færir öllum þeim aðilum sem lagt hafa hönd á plóginn bestu þakkir og vonar að starfsemi lyftingaíþróttarinnar eigi eftir að blómgastr og aukast á komandi árum svo lyftingamenn okkar standi áfram jafnfætis bestu mönnum annara þjóða.

Björn R. Lárusson

Agnar Gústafsson

Kristmundur Baldursson

Sigtryggur Sigurósson

Finnur Karlsson

Lyftingasamband Íslands

Rekstrarreikningur frá 27. janúar til 30. september 1973.

GJÖLD :

| | | |
|--------------------------------|-----------|--------------------------|
| Prentun og ritföng | 29.340. - | |
| Verðlaun og gjafir | 20.980. - | |
| Ferðakostnaður | 21.829. - | |
| Íþróttabúningar | 18.590. - | |
| Teiknun á merki | 5.000. - | |
| Gjald til Norðurlandasambands. | 5.577. - | |
| " " Evrópusambands | 2.998. - | |
| Akstur | 2.050. - | |
| Risna | 2.580. - | |
| Húsaleiga | 2.500. - | |
| Sími og skeyti | 2.389. - | |
| Ýmisleg gjöld | 2.449. - | 116.282. - |
| Hreinar tekjur | | <u>140.960. -</u> |
| | Kr. | <u><u>257.242. -</u></u> |

TEKJUR :

| | |
|-----------------------------|---------------------------|
| Útbreiðslustyrkur í S Í | 104.000. - |
| Styrkur í S Í v/ stofnþings | 10.000. - |
| Gjafir | 74.739. - |
| Auglýsingatekjur | 38.000. - |
| Tekjur af mótum | 15.577. - |
| Þáttökugjöld í mótum | <u>8.600. -</u> 24.177. - |
| Þáttökugjöld í dómaraþámsk. | 6.000. - |
| Vaxtatekjur | 326. - |

=====
=====
Kr. 257.242. -

Lyftingasamband Íslands

Efnahagsreikningur hinn 30. september 1973.

Eignir :

| | | |
|--------------------------------|--------------------|------------|
| Sjóður | 136. 50 | |
| Áv. reikn. 91962 í Landsb. Ísl | <u>40. 249. 50</u> | 40. 386. - |
| Erlendur gjaldeyrir | | 3. 117. - |
| Öinnheimtar auglýsingar | | 3. 000. - |
| Öinnheimtur styrkur í S í | 69. 000. - | |
| ÷ Skuld við í S í | <u>9. 543. -</u> | 59. 457. - |
| Ötistandandi skuldir | | 35. 000. - |

Kr. 140. 960. -

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 30. september 1973 höfum við endurskoðað og ekkert fundið athugasemdir.

Við höfum sannreynt, að sjóðs- og bankainnistæður eru fyrir hendi.

Skuldir:

Höfuðstóll 30. 9. 1973

Hreinar tekjur 1973

140.960.00

=====
=====
Kr. 140.960.-

Reykjavík 17. sept.1973

Sig. Guðmundssey.
eða Þurfríður